

**Fundargerð 41. fundar stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða.**

Fundur var haldinn í fundarherbergi Ferðamálastofu þriðjudaginn 3. desember 2013 kl. 8:30 að Geirsgötu 9, 101 Reykjavík.

Viðstaddir: Albína Thordarson arkitekt FAÍ formaður, Guðjón Bragason fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Sævar Skaptason fulltrúi Samtaka ferðapjónustunnar (SAF) og Anna G. Sverrisdóttir fulltrúi Samtaka ferðapjónustunnar (SAF).

Frá FMS: Ólöf Ýrr Atladóttir ferðamálastjóri, Sólrún Anna Jónsdóttir, rekstrarstjóri – Björn Jóhannsson umhverfisstjóri var fjarverandi vegna veikinda

Eftirfarandi mál voru rædd:

**1. Staða sjóðsins eftir að frumvarp til fjárukalaga hefur verið lagt fram**

Ferðamálastjóri kynnti fjárhagslega stöðu sjóðsins, en ljóst er að ekkert fé er til úthlutunar á þessu ári og að halli, ef einhver verður, verður greiddur upp af fjárveitingu sjóðsins á næsta ári. Ljóst er að ef ekki verður gerð breyting á frumvarpinu eru forsendur brostnar fyrir úthlutun úr sjóðnum fyrir áramót, en stjórnin hafði stefnt að því að ljúka yfirferð umsókna um miðjan desember.

Fundarmenn ræddu möguleg viðbrögð við þeirri stöðu sem upp er komin og voru ýmsir kostir til umræðu.

Fundarmenn sammæltust um eftirfarandi verkferli:

- Ferðamálastofa mun gera drög að bréfi til umsækjenda núna á haustdögum og kalla eftir efnislegum athugasemdum stjórnar við því áður en það verður sent út. Í bréfinu verður skýrt frá því að því miður komi ekki til úthlutunar fyrir áramót eins og að var stefnt vegna lækkunar fjárheimilda sjóðsins í fjárukalögum. Upplýst verður um þær fjárveitingar sem eru til úthlutunar árið 2014 og áréttuð nauðsyn þess að umsóknir séu vandaðar og að verkefni falli að markmiðum sjóðsins. Umsækjendum verður boðið að láta umsókn sína gilda áfram inn í fyrstu úthlutun 2014 án frekari athafna, vinna hana áfram og leggja fram aftur, eða að draga hana til baka. Gefinn verður ákveðinn frestur til þess að umsækjendur upplýsi um vilja sinn í þessum málum.
- Þegar fjárlög liggja fyrir verður auglýst eftir styrkumsóknum, enda liggja tilbúin auglýsing þá fyrir. Umsóknarfrestur verður stytur eins og kostur er (rætt um 3-4 vikur) og stefnt að því að ljúka tillagnagerð til ráðherra eins fljótt og auðið er.
- Taka þarf afstöðu til þess hvort tillögur verði sendar til ráðherra tvisvar í upphafi næsta árs, eða úthlutunarferlið gert að einu. Afstaða Ferðamálastofu til þess er sú að rétt sé, m.a. til að tryggja jafnræði meðal núverandi og væntanlegra umsækjenda, að um verði að ræða eitt ferli frekar en tvö, en afstaða stjórnar FF liggur ekki endanlega fyrir og verður rædd áfram. Fram kom að stjórnin telur álitlegt að vinna áfram að yfirferð umsókna, m.a. í þeim tilgangi að slípa til matsferlið, sem nú er verið að vinna í nýju umhverfi og með nýjum starfsmanni, þótt úthlutun muni fyrirsjáanlega dragast eitthvað.

Fundi slitið - Fundargerð ritaði Ólöf Ýrr Atladóttir